

# **BREYTINGU Á LEGU HÁSPENNUSTRENGJA FRÁ SKANSFJÖRU AÐ TENGIHÚSI LANDSNETS Á SKANSINUM, VESTMANNAEYJABÆ**

## **Ákvörðun um matsskyldu**

### **NIÐURSTAÐA**

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði helst á hraun sunnan Skansfjöru. Fyrir liggur að háspennustrengirnir munu fylgja vegslóða sem nú þegar hefur verið gerður um hraunið. Unnið verði við framkvæmdina frá vegslóðanum og þannig takmarkist framkvæmdasvæðið að mestu við breidd tveggja lagnaskurða vestan slóðans, alls um 5 m. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á hraun og landslag verði umtalsverð. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu háspennustrengja frá Skansfjöru að tengihúsi Landsnets á Skansinum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Auk þess þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar. Sveitarstjórn þarf einnig að kanna hvort framkvæmdin kallar á breytingu á deiliskipulagi. Aðalskipulagsbreytingar og eftir atvikum deiliskipulagsbreytingar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

## INNGANGUR

Þann 20. desember 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís hf., f.h. Landsnets hf., um fyrirhugaða breytingu á legu háspennustrengja frá Skansfjöru að tengihúsi Landsnets á Skansinum, Vestmannaeyjabæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vestmannaeyjabæjar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Vestmannaeyjabæ með bréfi dags. 24. janúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. janúar 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að í tilkynningu til Skipulagsstofnunar dags. 29. júní 2009, og stofnunin tók ákvörðun um þann 23. september 2009, hafi verið gert ráð fyrir að tveir 66 kV háspennustrengir frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja yrðu lagðir um Skansfjöru að Skansinum og síðan eftir Skansinum gegnum virkið og að Fiskiðju Einars Sigurðssonar. Nú sé hins vegar gert ráð fyrir að strengirnir fari ekki um Skansinn heldur verði þeir lagðir í tveimur samsíða skurðum meðfram vegslóða sem liggja um hraunið frá Skansfjöru að Strandvegi og síðan í vegöxl Strandvegar að tengihúsi Landsnets á Skansinum. Í tengihúsinu muni háspennustrengirnir tengjast fyrirbyggjandi landstrengjum, sem liggja þaðan til bæjarins.

Fram kemur að skurðir verði um 2 m á breidd og rúmur 1 m á dýpt og í hrauninu meðfram vegslóðanum að vestanverðu verði framkvæmdasvæði alls um 5 m. Skurðirnir verði í vegöxl Strandvegar og þar verði framkvæmdasvæðið rúmlega 4 m.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að framkvæmdin sé ekki í samræmi við aðalskipulag Vestmannaeyjabæjar.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að framkvæmdin hefjist vorið 2013 og henni ljúki í ágúst næstkomandi.

## ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Vestmannaeyjabæjar og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Vestmannaeyjabær telur æskilegt að breyta legu strengjanna þar sem erfitt yrði að leggja þá eftir áður samþykktari leið sökum þess hve margar lagnir séu þar fyrir. Fyrirhuguð lagnaleið muni fara að litlum hluta um svæði sem njóti hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar, sem kveði á um að ekki skuli breyta gerð landslags, vegna jarðmyndana sem þar séu. Framkvæmdin verði ekki umfangsmikil og að verulega leytir á þegar röskuðu landi meðfram vegi. Sjónræn áhrif og áhrif á landslag verði óveruleg að því gefnu að sett verði skilyrði um að meðan á framkvæmdum standi, verði öllu jarðraski haldið í lágmarki og þegar framkvæmdum ljúki verði gengið frá öllu röskuðu svæði með þeim hætti að sjónræn áhrif verði sem minnst. Einnig eigi að tryggja aðgengi að útivistarsvæði við fjöruna meðan á framkvæmdum standi.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd muni fara um raskað svæði ef vegstæði og vegslóða verði fylgt. Að því gefnu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að breyting á legu jarðstrengjanna muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu tveggja 66 kV háspennustrengja í tveimur samsíða skurðum meðfram vegslóða sem liggur um hraunið frá Skansfjöru að Strandvegi og síðan í vegöxl Strandvegar

að tengihúsi Landsnets á Skansinum. Framkvæmdasvæðið meðfram vegslóðanum að vestanverðu verði um 5 m og rúmlega 4 m í vegöxl Strandvegar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði helst á hraun sunnan Skansfjöru. Fyrir liggur að háspennustrengirnir munu fylgja vegslóða sem núþegar hefur verið gerður um hraunið. Unnið verði við framkvæmdina frá vegslóðanum og þannig takmarkist framkvæmdasvæðið að mestu við breidd tveggja lagnaskurða vestan slóðans, alls um 5 m. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á hraun og landslag verði umtalsverð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu háspennustrengja frá Skansfjöru að tengihúsi Landsnets á Skansinum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Auk þess þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar. Sveitarstjórn þarf einnig að kanna hvort framkvæmdin kallar á breytingu á deiliskipulagi. Aðalskipulagsbreytingar og eftir atvikum deiliskipulagsbreytingar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætлана.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson